

Sp. 36. Tillaga til þingsályktunar [27. mál]
um fjáröflun til Fiskveiðasjóðs Íslands.

Flm.: Jón Skaftason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að útvega Fiskveiðasjóði sem fyrst það lánsfé, sem stjórn sjóðsins telur nauðsynlegt til þess að bæta úr brýnustu þörfum.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, stendur nú yfir mikil fjárfesting í sjávarútveginum, bæði hvað varðar bátainnflutning og byggingu fiskvinnslustöðva í landi. Væri mjög æskilegt, að fiskveiðasjóður gæti sinnt þessum verkefnum í ríkara mæli en verið hefur. Til þess að svo geti orðið, skortir hann tilfinnanlega aukið fjármagn.

Rétt þykir, að ríkisstjórnin ákveði sjálf, hvaða leiðir hún vill fara til þess að afla fjárins, og er því hér ekki bent á ákveðnar fjáröflunarleiðir.

Nánar í framsögu.